

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykktum.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943, um breytingar á þeim lögum og Skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykktir fyrir eftirgreind sveitarfélög:

1. Sauðárkrókskaupstað.
2. Hvalfjarðarstrandarhrepp í Borgarfjarðarsýslu.
3. Grindavíkurhrepp í Gullbringusýslu.
4. Eyrarhrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Byggingasamþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

30. maí 1968.

Nr. 169.

SAMÞYKKT

um hagnýtingu bithaga, hagagjald og girðingargjald á Stokkseyrartorfunni.

I. KAFLI

Um girðingargjald.

1. gr.

Stokkseyrarhreppur annast uppsetningu og viðhald á girðingu um beitiland Stokkseyrartorfunnar.

2. gr.

Til þess að standast kostnað af girðingunni, greiðslu afborgana og vaxta af skuldum, sem á girðingunni hvíla, svo og kostnaði við viðhald girðingarinnar, skal hver maður, er býr á torfunni, sem ábúandi jarðar eða þurrabúðarmaður, sem er eigandi gripa eða kinda greiða girðingargjald af hverjum framtöldum grip, hrossum og sauðkindum, nema sannað sé að keyptur sé hagi fyrir það annars staðar, eða það haft í eigin girðingu.

3. gr.

Niðurjafnað girðingargjald á hvert hross eða sauðkind skal, fyrir hvert ár, vera það hátt, að trygging sé fyrir því, að innheimt girðingargjald samtals nægi fyrir afborgunum og vöxtum af skuldum vegna girðingarinnar, ásamt viðhaldskostnaði hennar.

4. gr.

Girðingargjald ákveðst árlega, af hreppsnefnd, með hliðsjón af framkvæmdaþörf hverju sinni.